

Mál nr. 386/2019**M og
V1 vegna bifreiðarinnar A og
V2 vegna bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs við Fellsmúla.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 11. nóvember 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.

Bréf V1, dags. 6. nóvember 2019.

Bréf V2, dags. 2. desember 2019.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjonstilkynningu ökumanna kemur fram að bifreið A hafi verið ekið út af bifreiðastæði við N1 í Fellsmúla með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri upp Fellsmúla. Bifreið B hafi hins vegar verið ekið niður Fellsmúla framhjá kyrrstæðum bifreiðum þegar bifreiðarnar skullu saman. Ákomur eru skv. skýrslunni á vinstra framhorni bifreiðar A og á hægri framhorni bifreiðar B.

M, ökumaður bifreiðarinnar A kveðst haf ekið frá bifreiðastæði við N1 í Fellsmúla og beygt til vinstri eftir að stór vörubifreið stöðvaði og gaf M merki um að aka út á Fellsmúla. Kveðst M því næst hafa ekið lösturhægt út á Fellsmúla og í þann mund sem hann hafi náð sjónarhorni upp Fellsmúla hafi bifreið B komið vinstra megin (öfugu megin) niður Fellsmúla fram úr bílaröð sem lá niður Fellsmúla. M kveðst hafa stöðvað bifreið sína en það hafi verið um seinan þar sem bifreið B var ekið á talsverðum hraða niður Fellsmúla.

Samkvæmt lýsingu ökumanns B var hann á leið niður Fellsmúla í átt að Grensás og var að hans sögn biðröð bifreiða niður að ljósum fyrir umferð sem ætlar áfram yfir gatnamótin. Ökumaður B kveðst hafa ekið framhjá bifreiðunum til að koma sér á beygjukreini við ljósin en þá hafi bifreið A skotist á milli bifreiða á leið sinni frá bifreiðastæðinu upp Fellsmúla.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að bifreið A var ekið inn á Fellsmúla frá bifreiðastæði. Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 ber ökumanni sem ekur út á veg frá bifreiðastæði að veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Vegna þeirrar skyldu ber M, ökumaður bifreiðar A sönnunarbyrði fyrir því að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á annan hátt gegn fyrirmælum umferðarlaga eða þannig að hann beri einnig sök á árekstrinum. Þá liggur fyrir að framúrakstur er heimill á þeim stað sem áreksturinn varð og að ekki liggja fyrir sönnur þess efnis að ökumaður B hafi brotið gegn öðrum umferðarreglum. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.